

# Reglur fyrir ferðaþjónustu í Hafnarfirði

## I. KAFLI

### FERÐAÞJÓNUSTA FATLAÐRA

#### 1.

Ferðaþjónusta fatlaðra er ætluð til afnota fyrir þá íbúa Hafnarfjarðar sem eru:

- Hjólástólanotendur
- Blindir og geta ekki notað önnur farartæki
- Ófærir um að nota almenningsvagnþjónustu vegna annarrar fötlunar.

#### 2.

Ferðir til vinnu, skóla, lækninga og hæfingar ganga fyrir öðrum ferðum og skulu ekki vera fleiri en 44 á mánuði. Fjöldi ferða til annarra einkaerinda er háður takmörkum, en þó aldrei fleiri en 10 ferðir aðra leið á mánuði og heildarfjöldi eigi fleiri en 54 á mánuði. Ferð er skilgreind í reglum þessum sem akstur frá A til B.

#### 3.

Þjónustutími er sem hér segir:

Virka daga	frá kl.	7.30	til kl.	24.00
Laugardaga	frá kl.	8.00	til kl.	24.00
Sunnudaga	frá kl.	10.00	til kl.	24.00

Á stórhátíðum miðast þjónustutími við akstur almenningsvagna.

#### 4.

Þjónustusvæði ferðaþjónustunnar er Hafnarfjörður, Bessastaðahreppur, Garðabær, Kópavogur, Reykjavík, Seltjarnarnes og Mosfellsbær. Tekið er á móti pöntunum í síma 550-4700 alla virka daga milli kl. 9.00 og 16.00. Vakt sími eftir lokun er 862-1801. Beiðnum um akstur þarf að koma á framfæri með dags fyrirvara. Fyrir sunnudaga og mánudaga þarf að pöntun þó að berast á föstudegi. Afpöntun ferðar skal vera með sem mestum fyrirvara, að öðrum kosti telst ferðin með í uppgjöri.

#### 5.

Umsókn um ferðaþjónustu skal senda til öldrunardeildar félagsþjónustunnar í Hafnarfirði Strandgötu 33. Skal hún metin á grundvelli möguleika umsækjenda til að nýta sér þjónustu almenningsvagna og eða aðra ferðamöguleika.

#### 6.

Gjald fyrir þá sem búa á sambylum og aðra í sambærilegri aðstöðu skal vera helmingur af gjaldi almenningsvagna fyrir hverja ferð, og taka breytingum eftir því. Aðrir greiði 300 krónur fyrir hverja ferð.

#### 7.

Aksturinn miðast við að og frá anddyri. Bílstjórum ber ekki að aðstoða þar sem snjór, hálka eða aðrar hindranir eru til staðar. Aðstoð skal vera fyrir hendi gerist þess þörf.

Farþegar skulu vera tilbúnir til brottfarar í anddyri brottfararstaðar á umsömdum tíma. Ekki er tryggt að bíll bíði eftir farþegum. Ekki er beðið meðan farþegi sinnir erindi sínu. Bílstjórar sinna ekki sendiferðum fyrir farþega. Farþega sem ekið er til læknis er heimilt að hringja eftir akstri til baka að viðtali loknu, enda var það ekki vitað fyrirfram hve viðtalið tæki langan tíma.

Ferðaþjónusta fatlaðra er sérhæfð þjónusta og þurfa farþegar því að vera viðbúnir tölum eða breytingum á áætlun.

## 8.

Farþegum er heimilt að hafa með sér fylgdarmann, enda greiði hann sama gjald. Geti farþegi ekki ferðast einsamall, getur ferðaþjónustan krafist aðstoðarmanns með honum. Hann er gjaldfrír.

## II. KAFLI

### ÖNNUR FERÐAÞJÓNUSTA

## 9.

Heimilt er að veita þeim sem uppfylla ekki skilyrði 1. mgr. 1. gr. reglna þessara ferðaþjónustu að því gefnu að þeir geti sannanlega ekki nýtt sér almenningsvagna vegna andlegrar eða líkamlegrar skerðingar. Skilyrði er að umsækjendur búi í sjálfstæðri búsetu.

Hámarksferðafjöldi er 8 ferðir á mánuði. Í eftirfarandi tilvikum er heimilt að veita fleiri ferðir til viðbótar:

- Akstur til að sækja tímabundna læknismeðferð eða endurhæfingu á sjúkrahúsi eða endurhæfingarstofnun í allt að þrjú mánuði á ári.
- Akstur í dagvist aldraðra utan bæjarfélagsins og í skipulagt félagsstarf á vegum bæjarfélagsins.

Um umsóknarferli, úthlutun og framkvæmd vísast til I. kafla um ferðaþjónustu fatlaðara hér að framan.

Reglur þessar eru settar skv. 35. gr. og 9. gr. laga um málefni fatlaðra nr. 59/1992.

Samþykkt í félagsmálaráði Hafnarfjarðar 15 júní 2000.

Breytingar samþykktar í félagsmálaráði 1. febrúar 2001

Breytingar samþykktar í félagsmálaráði 10. febrúar 2001

Breytingar samþykktar í fjölskylduráði Hafnarfjarðar 21. október 2009